

Skráning á lögum, reglugerðum og skýrslum ráðuneyta

Á fundi skráningarráðs Gagnis þann 10. nóv. 2010 var ákveðið að ráðið beitti sér fyrir gerð viðmiðunarreglna um skráningu á lögum og skýrslum ráðuneyta. Í framhaldinu var leitað til sérfróðra skrásetjara í ráðuneytum og á skrifstofu Alþingis um samstarf í starfshópi.

Viðfangsefni starfshópsins:

- Að kanna skráningu á lögum og skýrslum ráðuneyta, einkum með tilliti til vals á höfði (marksvið 1XX og 240)
- Ræða og setja fram viðmiðunarreglur í því skyni að samræma vinnubrögð við skráningu á gögnum af þessum toga
- Leggja slíkar viðmiðunarreglur fyrir skráningarráð Gagnis til umfjöllunar

Starfshópurinn skipaðu: Halldóra Kristbergisdóttir, Hildur Gunnlaugsdóttir, Pálína Héðinsdóttir, Sigrún J. Marelsdóttir og Viggó Gíslason. Afrakstur fjögurra funda birtist í eftirfarandi skýrslu.

Stöðumat

Í Gegni er ósamræmi í vali á höfði fyrir efnið sem starfshópurinn fjallaði um. Ekki er við því að búast að unnið verði kerfisbundið og heildstætt í afturvirkri samræmingu. Viðmiðanir til að auðvelda starfandi skrásetjurum störfín eru knýjandi, m.a. vegna þess hve erfitt er að finna góð dæmi í Gegni.

Í Gegni eru nokkrir tugir færslna fyrir frumvörp til laga og lögskýringar sem eru skráð eins og um lög væri að ræða. Hér með er lagt fyrir skráningarráð Gagnis að meta hvort ráðist skuli í að breyta þessum færslum.

Í þessari skýrslu er fjallað um skráningu á eftirfarandi efni í Gegni :

1. Stjórnarskrá Íslands
2. Lög frá Alþingi
3. Reglugerðir settar á grundvelli laga frá Alþingi
4. Frumvörp til laga
5. Lögskýringar
6. Skýrslur ráðuneyta

1. Stjórnarskrá Íslands

Þegar rit inniheldur fleiri lög en stjórnarskrána (t.d. kosningalög) er gert efnistal í 505 og aukafærslur í sviði 740 0# fyrir lagaheiti með númerum.

- 110 1# Ísland
- 240 10 Stjórnarskrá

Dæmi – númer laga er hluti af heiti laganna og þarf að koma fram:

1101	a Ísland
24010	a Stjórnarskrá
24510	a Stjórnarskrá lýðveldisins Íslands.
260	a [Reykjavík] : b Forsætisráðuneytið, c 2002.
7400	a Stjórnarskrá lýðveldisins Íslands nr. 33/1944

Dæmi – ritið inniheldur kosningalög auk stjórnarskrár – efnistal gert í 505, aukafærsla á samræmdan titil í 730 og aukafærslur í 740 fyrir lagaheiti með númerum

1101	a Ísland
24010	a Stjórnarskrá
24510	a Lög um kosningar til Alþingis, kosningar til sveitarstjórna, forsetakjör o.fl.
260	a Reykjavík : b Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, c 2009.
5052	a Stjórnarskrá lýðveldisins Íslands -- Lög um framboð og kjör forseta Íslands -- Lög um kosningar til Alþingis -- Lög um kosningar til sveitarstjórna
7300	a Lög
7400	a Stjórnarskrá lýðveldisins Íslands nr. 33/1944
7400	a Lög um framboð og kjör forseta Íslands nr. 36/1945
7400	a Lög um kosningar til Alþingis nr. 24/2000
7400	a Lög um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998

2. Lög frá Alþingi

Eftirfarandi á við þegar lögin sjálf eru skráð, einnig lagasöfn. Ekki er hyggilegt að setja inn vefslóð að lagatexta í lagasafni Alþingis þar sem lagasafnið á vefnum er uppfært reglulega vegna breytinga á lögum og viðbóta og þá breytast vefslóðir og innihald textans.

- 110 1# Ísland
- 240 10 Lög
 - Gerð er aukafærsla í sviði 740 0# fyrir lagaheitið með númeri ef titill í 245 inniheldur ekki rétt heiti laganna ásamt númeri
 - Lagasafn Alþingis <http://www.althingi.is/vefur/lagasafn.html> er traust heimild um rétt lagaheiti

Dæmi – rétt heiti á titilsíðu

1101	a Ísland
24010	a Lög
24510	a Lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins : b nr. 70/1996.
260	a [Reykjavík : b Fjármálaráðuneytið], c 2000.

Dæmi - rétt heiti í sviði 740 – orð í titli „staðgreiðslu skatta“ tekið upp í 245 af titilsíðu:

1101	a Ísland
24010	a Lög
24510	a Lög nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt, með áorðnum breytingum ; Lög nr. 94/1996 um staðgreiðslu skatta á fjármagnstekjur.
260	a [Reykjavík] : b Ríkisskattstjóri, c 1996.
7400	a Lög um tekjuskatt og eignarskatt nr. 75/1981
7400	a Lög um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur nr. 94/1996

3. Reglugerðir settar á grundvelli laga frá Alþingi

Reglugerðir eru skráðar á sama hátt og lög.

- 110 1# Ísland
- 240 10 Reglugerðir
- Gerð er aukafærsla í sviði 740 fyrir heiti reglugerðar með númeri ef titill í 245 inniheldur ekki rétt heiti reglugerðarinnar ásamt númeri
- Traustar heimildir um rétt heiti reglugerða:
Stjórnartíðindi <http://stjornartidindi.is/> B deild og Reglugerðasafn <http://www.reglugerd.is/>

Dæmi – rétt heiti á titilsíðu

1101	a Ísland
24010	a Reglugerðir
24510	a Byggingarreglugerð : b nr. 441/1998 með síðari breytingum.
260	a Reykjavík : b Umhverfissráðuneytið, c 2002.

Dæmi – rétt heiti í sviði 740

1101	a Ísland
24010	a Reglugerðir
24510	a Reglugerð um aksturs- og hvíldartíma ökumanna o.fl. í innanlandsflutningum og við flutning innan Evrópska efnahagssvæðisins : b ásamt fylgiskjöllum.
260	a [Reykjavík] : b Dómsmálaráðuneytið, c 2000.
500	a Sérpr. úr Stjórnartíðindum B og Stjórnartíðindum EB nr. L 370/1, 1985
7400	a Reglugerð um aksturs- og hvíldartíma ökumanna o.fl. í innanlandsflutningum og við flutning innan Evrópska efnahagssvæðisins nr. 136/1995

4. Frumvörp til laga

Frumvörp til laga eru titilskráð.

Dæmi

24500	a Frumvarp til laga um breytingu á l. nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum : b lagt fyrir Alþingi á 117. löggjafarþingi 1993.
260	a [Reykjavík : b Alþingi], c [1993].

5. Lögskýringar

Lögskýringar eru skráðar á höfund eða titil eftir því sem við á.

- 630 04 Lagaheitið með númeri - dæmi: Lög um meðferð sakamála nr. 88/2008

Dæmi – rétt heiti laganna, sem fjallað er um, í 630

1004	a Páll 1 Hreinsson d 1963
24510	a Stjórnsýslulögin : b skýringarrit / c Páll Hreinsson.
63004	a Stjórnsýslulög nr. 37/1993

Dæmi - lög þýdd á ensku, einnig skýringar

24500	a Compendium of the Icelandic financial market legislation / c [þýðing Tryggvi Axelsson].
260	a Reykjavík : b Ministries of Industry and Commerce, c 1997.
5052	a Lög um Seðlabanka Íslands nr. 36/1986 -- Lög um viðskiptabanka og sparisjóði nr. 113/1996 -- Lög um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði nr. 123/1993 -- Lög um verðbréfavíðskipti nr. 12/1996 -- Lög um verðbréfasjóði nr. 10/1993 -- Lög um Verðbréfaþing Íslands nr. 11/1993
7400	a Lög um Seðlabanka Íslands nr. 36/1986
7400	a Lög um viðskiptabanka og sparisjóði nr. 113/1996
7400	a Lög um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði nr. 123/1993
7400	a Lög um verðbréfavíðskipti nr. 12/1996
7400	a Lög um verðbréfasjóði nr. 10/1993
7400	a Lög um Verðbréfaþing Íslands nr. 11/1993

Dæmi

24500	a Lög um meðferð sakamála : b ásamt greinargerð / c [umsjón með útgáfu Jóhannes Eiríksson ... [et al.]].
260	a Reykjavík : b Codex : b Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, c 2009.
63004	a Lög um meðferð sakamála nr. 88/2008

6. Skýrslur ráðuneyta

Meginregla er að skrá skýrslur ráðuneyta á titil. Ráðuneyti er aðalhöfuð þegar fjallað er um innra starf ráðuneytisins eða stefnumótun. Nefnd getur því aðeins verið höfuð færslu að hún beri sitt eigið heiti

Dæmi - titill aðalhöfuð

24500	a Skýrsla Össurar Skarphéðinssonar utanríkisráðherra um utanríkis- og alþjóðamál : b (lögð fyrir Alþingi á 138. löggjafarþingi 2009-2010).
260	a [Reykjavík : b Utanríkisráðuneytið], c 2010.

Dæmi - titill aðalhöfuð

24500	a Gerð og eftirlit með þjónustusamningum á sviði heilbrigðisþjónustu : b niðurstaða vinnuhóps um hvernig gera á þjónustusamninga við aðila utan ríkisins um rekstur heilbrigðisþjónustu og um eftirlit með þjónustunni / c [Svanhvít Jakobsdóttir ... [et al.]].
260	a Reykjavík : b Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, c 2007.

Dæmi - ráðuneyti aðalhöfuð

1101	a Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið
24510	a Staða og endurskoðun meginmarkmiða heilbrigðisáætlunar til ársins 2010 / c [Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, áætlana- og þróunarskrifstofa].
260	a Reykjavík : b Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, c 2007.

Dæmi – aðalhöfuð er nefnd sem ber eigið heiti

1102	a Rannsóknarnefnd Alþingis 2008
24510	a Aðdragandi og orsakir falls íslensku bankanna 2008 og tengdir atburðir / c Rannsóknarnefnd Alþingis ; [ritstjórn Páll Hreinsson, Sigríður Benediktsdóttir, Tryggvi Gunnarsson].
260	a Reykjavík : b Rannsóknarnefnd Alþingis, c 2010.